

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Orðin „og hollustuháttaráðs“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

2. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla brott orðin „og hollustuháttaráðs“ í 5. mgr. 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Sigríður A. Þórðardóttir.*